

14. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

22. desember 2020 kl. 15.00

MÆTT: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Sigríður Steinunn Einarsdóttir, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

FUNDURINN FÓR FRAM Í GEGNUM FJARFUNDARBÚNAÐ (MICROSOFT TEAMS)

DAGSKRÁ:

1. Starfsmannamál
2. Breyting á skóladagatali vegna starfsdaga
3. Stytting vinnuvikunnar

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

1. Starfsmannamál

Leikskólastjóri fór yfir málið sem lagt er fyrir skólanefnd til upplýsinga.

Fram kom að ef taka á inn börn í febrúar telur leikskólastjóri að bæta þurfi við starfsfólki miðað við þann starfsmannafjölda sem nú er. Lagt er til að ráða starfsmann í 75% starf. Ef af ráðningu verður mun viðkomandi starfa frá febrúar til og með júní 2021. Kostnaður með launatengdum gjöldum um áætlaður 3,2 millj., en á móti koma vistunargjöld upp á um 1,2 millj.. Kostnaðarauki yrði þannig um 2 milljónir sem væntanlega yrði að taka fyrir í sveitarstjórn sem viðauka við nýsamþykka fjárhagsáætlun.

Skv. framlögðum gögnum varðandi mannaflspörf á næstu mánuðum tekur skólanefnd undir sjónarmið og rökstuðning leikskólastjóra um ráðningu.

2. Breyting á skóladagatali vegna starfsdaga

Leikskólastjóri fór yfir málið. Óskað er eftir breytingu á skóladagatalinu á þann veg að starfsdagur verði þann 4. janúar 2021. Fram kom að þessum starfsdegi var frestað í tvígang á síðastliðnu hausti. Flúðaskóli er með starfsdag þennan saman dag.

Skólanefnd samþykkir að skóladagatali leikskólans verði breytt sbr. ofangreint.

3. Stytting vinnuvikunnar

Skólanefnd frestaði málinu á síðasta fundi þann 30. október, þar til starfshópur innan sveitarfélagsins, sem skipaður var um útfærslu á styttingu vinnuvikunnar, skilaði álitinu sínu. Í hópnum eru m.a. stjórnendur skólanna beggja og sveitarstjóri, sbr. fundargerð sveitarstjórnar dagsett 30. sept sl..

Leikskólastjóri lagði fram eftirfarandi bréf:

„Þar sem tillaga starfsfólks um vinnutímastyttingu var ekki samþykkt eins og hún var lögð fram eftir vinnu innanhúss og kosningu kemur hér önnur tillaga eftir fund með Jóni Valgeirssyni.

Tillagan er sú að farið verði í lágmarksstyttingu, þ.e. 13. mínútur á dag miðað við 100% starf og því safnað saman í einn tíma á viku og leikskólinn loki kl. 15:00 á föstudögum.

Það er ekki almenn ánægja hjá starfsfólki með þessa tillögu en þetta er þó betra en ekkert. Við horfum á þetta sem tilraun sem verði í endurskoðun því að sjálfsgöðu stendur hugur starfsmanna til að komast í fulla styttingu, þ.e. 36 tíma á viku en við sjáum ekki hvernig það á að vera hægt ef ekki kemur til aukis fjármagn inn í þetta verkefni.

Það er því tillaga okkar að leikskólinn loki kl.15:00 á föstudögum og við fáum tíma til að prófa okkur áfram hér innanhúss með mögulega meiri styttingu.

Við sendum bréf dagsett 1. október og finnst ansi seint að þetta mál sé ekki löngu frágengið en vinnutímastytting á að taka gildi 1. janúar 2021

Heiða Snorradóttir FOSS, Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir FSL, Ída Bjarnadóttir Bárán, Katrín Þorvaldsdóttir FL og Valdís Magnúsdóttir BHM“

Foreldraráð leikskólans lagði fram eftirfarandi bókun:

“Varðandi lið 3 á dagskránni; Styttingu vinnuvikunnar.

Foreldraráð leikskólans Undralands vill að það komi fram að ekki er ánægja með skerðingu á opnunartíma leikskólans vegna styttingu vinnuvikunnar. Foreldraráð leikskólans vill einnig að það komi fram að óánægjan er ekki í garð stjórnenda leikskólans Undralands, viljinn er einungis að benda á það hvort skoða megi aðra möguleika sem gerir það að verkum að ekki sé þörf á skerðingu opnunartíma leikskólans. Margir foreldrar munu eiga erfitt með að hætta fyrr á föstudögum í sinni vinnu. Viljum við benda á þá lausn sem farin er í Skólaseli Flúðaskóla. Við viljum að sjálfsgöðu að stytting vinnuvikunnar verði að veruleika að fullu og sé í raun „stytting vikunnar“ en ef það veldur þá skerðingu á þjónustu þá er okkar álit að vert sé að skoða aðra útfærslu. Við teljum það mikinn ókost ef styttingin kemur svo til með að bitna á vinnutíma foreldra barna í leikskólanum. Foreldraráð Leikskólans Undralands Edda Arndal Maja Vilstrup Sigríður Steinunn Einarsdóttir“

Málið rætt. Skólanefnd telur rétt að núverandi tillaga um að loka leikskólanum kl. 15.00 á föstudögum komi til framkvæmda og þá til reynslu. Á sama tíma leggur nefndin til að fundin verði umræðugrundvöllur á milli allra aðila um frekari útfærslu þar sem leitast verður eftir því að samræma framkomin sjónarmið um styttingu vinnuvikunnar, þ.m.t. foreldra, eins og kostur er.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.22.